



## Formannafundur Aftureldingar 18. maí 2017 Skátaheimilið við Álafosskvos

**Fulltrúar deilda UMFA:** Ingvi Jón Gunnarsson frjálsar, Guðrún Kristín Einarasdóttir blak, Grétar Eggertsson blak, Finnur Ingimarsson blak, Inga Lilja Lárusdóttir handbolti, Anna Olsen karate, Ingvar Ormarsson körfubolti, Vilhelmína Eva Vilhjálmsdóttir fimleikar, Erla Edvardsdóttir fimleikar, Brynja Georgsdóttir badminton, Haukur Örn Harðarsson badminton.

**Aðalstjórn:** Dagný Kristinsdóttir formaður, Kjara Reinholdsson, Kristún Kristjánsdóttir, Birna Kristín Jónsdóttir, Geirarð Long.

**Skrifstofa:** Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri, Hanna Björk Halldórsdóttir íþróttafulltrúi, Vilborg Jónsdóttir bókarari.

### 1. Breytingar á skrifstofu

Hanna Björk Halldórsdóttir var kynnt til leiks en hún tók við stöðu Íþróttafulltrúa Aftureldingar þann 8. maí síðastliðinn. Hún tók til máls og kvaðst hlakka til að vinna með öllu því góða fólki sem vinnur innan Aftureldingar. Farið var aðeins fyrir hlutverk íþróttafulltrúa á fundinum en helst verkefni íþróttafulltrúa verður að aðstoða deildir um utanumhald á skráningum iðkenda auk þess sem stefnt er að því að efla enn frekar gæði þjálfunar hjá félaginu. Íþróttafulltrúi á ekki síst að efla þjónustu skrifstofu við deildir félagsins. Hanna var boðin velkomin til starfa.

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir þær breytingar sem hafa orðið á verklagi á skrifstofu í kjölfar þess að ákveðið var að ráða inn einstakling í stöðu íþróttafulltrúa. Fjármál heyra nú alfarið undir framkvæmdastjóra ásamt nokkrum áherslubreytingum sem eiga að auka skilvirkni í starfsemi skrifstofu Aftureldingar.

Í umræðum undir þessum dagskrálið var farið yfir komandi verkefni og var stundatafla félagsins þar rædd. Almennt voru fundargestir sammála um að hægt væri að ná betri nýtingu á sali félagsins. Vanda þarf til verka. Settur verður saman hópur til að vinna nýja stundatöflu félagsins undir stjórn íþróttafulltrúa og framkvæmdastjóra.

Jón Júlíus framkvæmdastjóri óskaði eftir því við fundarmenn að fá upplýsingar um það sem væri vel gert á skrifstofu og ekki síst hvað væri hægt að bæta. Það sé metnaður starfsmanna félagsins að gera enn betur fyrir félagsmenn og stjórnendur deilda félagsins.

Jafnframt var tilkynnt að sumarlokun verði á skrifstofu Afturelding frá 10. - 23. júlí 2017. Þá verða allir starfsmenn skrifstofu í sumarfríi.

## **2. Frá aðalstjórn**

Dagný formaður gerði grein fyrir starfsemi aðalstjórnar á starfsárinu. Hún sagði að veturinn hefði að mörgu leyti verið erfiður. Félagið standi hins vegar traustum fótum og mörg tækifæri séu framundan fyrir félagið. Lögð hefur verið mikil áhersla á að bæta bókhald og fjármál félagsins á sl. ári og mun það efla fjárhagslega stöðu félagsins.

Dagný gerði einnig grein fyrir því hvers vegna aðalstjórn félagsins hefði ákveðið að hætta við fyrirhugaða stefnumótun sem fara átti í núna í vor. Ástæðan var ekki síst sú að á vormánuðum var verið að vinna rannsókn sem lokaverkefni í íþróttافرæði við HR þar sem farið er yfir ýmsa þætti í starfsemi Aftureldingar. Af þeim sökum taldi aðalstjórn betra að sjá niðurstöður þeirrar rannsóknar áður en lengra væri haldið í ferlinu.

Undir þessum lið var einnig tilkynnt frá aðalstjórn að frá 1. júní 2017 mun aðalstjórn setja vexti á þau neyðarlán sem deildir félagsins gætu þurft að óska eftir. Ástæðan er sú að hingað til hafa deilir geta fengið lán án vaxta í lengri tíma. Við þarf tapast fjármunir aðalstjórnar.

## **3. Erindi**

Hermann Jónsson frá Erindi hélt stuttan fyrirlestur fyrir gesti fundarins. Hann kynnti starfsemi Erindi og það samstarf sem er nú þegar farið af stað hjá Aftureldingu. Nú þegar hefur málum innan Aftureldingar verið vísað til ráðgjafar hjá Erindi og þau mál komin í farveg.

Greint var frá því að deildir félagsins geti haft samband við framkvæmdastjóra félagsins sem er milliliður við Erindi. Einnig sé veitt ráðgjöf til að leysa samskiptavanda eða einelti sem kemur upp á milli fullorðina.

Góð umræða skapaðist í kjölfarið þar sem margir lýstu meðal annars

gagnsemi af því að hægt væri að leita ráðgjafar til að leysa vanda sem komi upp innan Íþróttafélagsins. Hermann sagði að yfirleitt taki einstaklingar ekki góðar ákvarðanir þegar kemur að samskiptum þegar þeir eru hátt uppi af bræði. Þetta á ekki síst við um foreldra sem geta oft látið skapið leiða sig í gönur.

Ráðgjöf Erindi stendur öllum deildum félagsins til boða að kostnaðarlausu og voru fundarmenn hvattir til að nýta sér þessa þjónustu í þeim tilfellum sem þörf væri á.

#### **4. Önnur mál**

*Samskipti við starfsfólk íþróttahúss og félagsins*

Rætt var um samskipti við starfsfólk íþróttahússins að Varmá. Fundarmenn voru sammála um að þau mættu vera betri - bæði varðandi iðkendur og þjálfara. Mikilvægt er að gagnkvæm virðing sé milli þeirra sem starfa í húsinu og allir vinni betur saman. Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að fá upplýsingar um þegar vandamál koma upp.

Í kjölfarið á þessari umræðu var talað um fatnað starfsmanna íþróttahúss sem eru ekki í takt við liti Aftureldingar. Gerð sú tillaga að þetta sé haft í huga næst þegar bærinn kaupir inn fatnað fyrir starfsmenn íþróttahússins.

*Fjáraflanir deilda*

Guðrún Kristín Einarsdóttir gerði fjáraflanir hjá Aftureldingu að umtalsefni. Var hún verulega ósátt við að margir væru að stunda sambærilegar fjáraflanir á sama tíma sem kæmi niður á árlegri fjáröflun hjá sinni deild.

Allir voru sammála um að tala betur saman hvað þetta varðar. Haldið verður betur um þennan málaflokk á skrifstofu og útbúin áætlun fyrir hvert ár.

*Aftureldingarbúðin*

Guðrún Kristín minnti á Aftureldingarbúðina sem staðsett er að Varmá. Þar er hægt að finna trefla, húfur, rúmföt o.fl. merkt Aftureldingu sem tilvalið er að selja bæði iðkendum og Aftureldingarfólki. Einnig minnti hún deildir félagsins að gera upp skuldir við búðina.

*Trúnaðarlæknir Aftureldingar*

Jón Júlíus framkvæmdastjóri greindi frá því að samið hefði verið við Einar Axelsson lækni hjá Heimilislæknastöðinni Uppsölum í

Kringlunni um að hann gegni stöðu trúnaðarlæknis hjá félaginu. Hann mun fyrst um sinn ásamt kollegum sínum hjá Uppsölum taka á móti leikmönnum í meistaraflokkum félagsins. Einar mun reyna að taka á móti leikmönnum eins fljótt og auðið er og vísa þeim svo áfram innan heilbrigðiskerfisins. Þetta hjálpar leikmönnum við að komast sem fyrst undir læknishendur þegar meiðslin eru ekki of alvarleg. Þegar alvarleg meiðsli verða skal leita á slysó eða bráðamóttöku. Fyrst um sinn er aðeins um að ræða leikmenn meistaraflokks en ef vel gengur þá verður skoðað bjóða jafnvel yngri flokkum félagsins sömu þjónustu.

### *Íþróttapp*

Jón Júlíus framkvæmdastjóri greindi frá því Afturelding ásamt Stjórnunni væru hluti af verkefni hjá UMFÍ í því að þróa App fyrir íþróttafélög. Sú vinna er á fyrstu stigum. Greiðslumiðlun sem heldur utan um Nóra kerfið er hrifið af hugmyndinni og ætlar að taka þátt í því að smíða slíkt app í samstarfi við UMFÍ. Frekari fréttar er að vænta í haust.

### **5. Að lokum**

Stefnt er að kynningum fyrir nýtt stjórnarfolk í ágúst. Þá mun einnig fara fram formannafundur til að skerpa á línunum fyrir veturinn. Fundin verður tímasetning fyrir þjálfarafund í september sem verður starfsdagur og alla æfingar felldar niður. Á slíkum fundi væri kynning frá Erindi, rýmingaráætlun hússins kynnt og önnur mál sem snúa að íþróttastarfi Aftureldingar. Að lokum var einnig bent á að snara siðareglum félagsins yfir á ensku.

*Fundi slitið um kl. 20*

*Fundargerð ritaði Jón Júlíus Karlsson.*